

# FLOKKAR AGABROTA



- Þras, ögrandi hegðun, rifrildi o.fl.
- Truflandi athafnir við leiki og vinnu annarra.
- Slæm umgengni; húsgögn, námsgögn, flíkur, skemmdir án ásetnings.
- Neysla sælgatis, gos, orkudrykkja.

**GULUR**

- Særandi eða niðrandi orðbragð, hæðni og uppnefni.
- Óhlýðni - neitar að fara eftir fyrirmælum.
- Ósannindi, svik og svindl.
- Líkamlegt áreiti - hrekkir og stríðni

**APPELSÍNUGULUR**

- Ofbeldi, slagsmál, ógnandi hegðun
- Síendurteknir hrekki (einelti)
- Skemmdarverk
- Þjófnaður
- Neysla eða varsla tóbaks (sigarettur, nef- og munntóbak, rafrettur (veip, nikotínpúðar), áfengis- og fíkniefni).
- Íkveikja
- Vopnaburður

**RAUÐUR**

## STARFSREGLUR

1. Við fyrsta brot fær nemandi tiltal hjá viðkomandi starfsmanni. Tiltalið er skráð í Mentor. (Gulur/appelsínugulur).
  2. Láti nemandi sér ekki segjast er hann áminntur og brotið skráð í Mentor af umsjónakennara eða stjórnanda.
  3. Láti nemandi sér enn ekki segjast eða brotið er í alvarlegri kantinum (sjá flokkun agabrota) má vísa honum úr tíma eða af vettvangi og er þá foreldrum ávallt gert viðvart af viðkomandi starfsmannim umsjónakennara eða stjórnanda. Starfsmaðurinn tilkynnir skólastjórnendum skólans að hann hyggist vísa nemanda úr tíma eða af vettvangi og ákvörðun er tekin hvar nemandinn ská dvelja umræddan tíma. Nemandia sem vísað hefur verið úr kennslustund er ávallt í umsjón starfsmanns. Framvinda máls skráð á Mentor.
  4. Virði nemandinn regluna alls ekki þrátt fyrir ofangreind þrep, eða brot hans er mjög alvarlegt er honum vísað beint til skólastjórnenda, sem ákveðua frekari aðgerðir og er foreldrum gert viðvart. Framvinda máls skráð í Mentor.
- Við alvarleg ítrekuð brot á skólareglum getur þurft að grípa til tímabundinnar brottvísunar úr skóla, brottvíunar úr einstökum greinum eða brottvísunar um lengri tíma meðan leitað er úrslausnar mála. Um brottbísun úr einstökum greinum eða brottvísunar í lengri tíma er nemur einum skóladegi gilda ákvæði stjórnsýslulaga.
  - Þar sem viðbrögð við brotum á agareglum eru samvinnuverkefni foreldra/forráðamanna og skóla væntir Sandgerðisskóli þess að foreldra/forráðamenn verði í góðu samstarfi með að framfylgja skólareglum og viðurlögum við þeim.